

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐARSTÖÐ SKELJUNGS Á SEYÐISFIRÐI

Dagsetning	9. júní 2011	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur hf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590269-1749	Fulltrúar fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason
Isat nr.	51.51.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N65 16,093 V13 59,325
Starfsemi	Heildverslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og skyldar vörur		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd er gerð við umbúnað á áfyllingarplani.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs á Seyðisfirði, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar. Skeljungur hefur í notkun mánaðarlegt skráningarblað sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Frárennslismæling á olíu barst í vor og reyndist það í lagi. Við eftirlit barst olíubrák úr útfalli til sjávar og bendir það til þess að olíuskiljan hafi yfirfyllst eða vandamála með ágang sjávar og sands upp á áfyllingarplanið sem dragi úr virkni olíuskiljunnar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Ekkert frávik frá kröfum í starfsleyfi kom fram við eftirlit.

Athugasemd 1: Umbúnaður við áfyllingarplan

Við eftirlit sást að sandur og mól berast upp á áfyllingarplanið þegar þannig stendur á flóði og veður eru váland. Hætta er á að efnin berist í olíuskiljuna stöðvarinnar og dragi úr virkni hennar. Við eftirlit barst olíubræk í sjóinn frá útfallsröri frá olíuskilju. Ekki var hægt að staðfesta hver orsökina var en bendir til þess að þjónusta þurfi olíuskiljuna tíðar á meðan ekki er byggður skjólgarður áveðurs.

Innakstur á áfyllingarplan er þannig að bakka þarf inn á áfyllingarplanið á milli bryggjugeymis Skeljungs og þróar um olíugeymana. Krafa hefur verið gerð um að setja upp árekstrarvörn um geyminn og þegar komið var í eftirlit var efnin í árekstrarvörn komið á staðinn en enn á þó eftir að ljúka við smíðina.

Reykjavík, 15/08/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.